Red Rock GP ehf., kt. 480620-1860, Óðinsgötu 8a, Reykjavík 2025001337)	23. október 2024	miðvikudaginn 2. apríl 2025, kl. 10.00
Rovik ehf, kt. 621020-1100, Skólavörðustíg 16, Reykjavík 2025001336)	23. október 2024	miðvikudaginn 2. apríl 2025, kl. 11.00
Svenni Tanka ehf, kt. 631204-3840, Bíldshöfða 14, Reykjavík 2025001335)	23. október 2024	miðvikudaginn 2. apríl 2025, kl. 13.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 24, 101 Reykjavík, Nordik.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 24, Reykjavík, Nordik, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 9. janúar 2025.

F.h. Ara Edwald lögmanns,
Sigmar Páll Jónsson lögmaður.

(2025001333A

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 10. janúar 2025 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Bílarétting Beyja ehf., kt. 430615-1300, Frostagötu 6b, Akureyri	10. október 2024	föstudaginn 11. apríl 2025, kl. 9.30
2025001347)		

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Strandgötu 31, pósthólf 311, 602 Akureyri. Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 31, Akureyri, á ofangreindum tíma. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 13. janúar 2025.
Arnar Sigfússon lögmaður.
(2025001346A

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 10. janúar 2025 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Betra þak ehf., kt. 520516-0500, Stapasíða 21 c, Akureyri	31. október 2024	miðvikudaginn 26. mars 2025, kl. 11.00
2025001352)		

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Klettagerði 4, 600 Akureyri. Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Klettagerði 4, Akureyri, á ofangreindum tíma. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 13. janúar 2025.
Auður Hörn Freysdóttir lögmaður.
(2025001351A

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. janúar 2025 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Svörtuloft,
kt. 411015-1060,
Drápuhlíð 28,
Reykjavík

Frestdagur:

20. september 2024

Skiptafundur:

Þriðjudaginn
25. mars 2025,
kl. 10.00

2025001357)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Novum lögfræðipjónustu, Bæjarlind 4, 201 Kópavogi eða á netfang bjorn@novum.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Bæjarlind 4, Kópavogi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Kópavogi, 13. janúar 2025.

F.h. Ólafs Lúthers Einarssonar lögmanns,

Björn Óskarsson.

(2025001356A

Útgáfud.: 20. janúar 2025

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. desember 2024 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Halldór Björnsson,
kt. 110391-3749,
Rauðarárstígur 42,
Reykjavík

Frestdagur:

17. desember 2024

Skiptafundur:

mánudaginn
28. apríl 2025,
kl. 10.30

2025001447)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Þórsgata 7, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúli 42, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 13. janúar 2025.

Jóhann Örn Helgason lögmaður.

(2025001446A

Útgáfud.: 13. janúar 2025

Embætti rektors Háskóla Íslands er laust til umsóknar

Í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og 6. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, auglýsir háskólaráð Háskóla Íslands hér með laust til umsóknar embætti rektors Háskóla Íslands.

Helstu verkefni og ábyrgð.

Rektor er forseti háskólaráðs. Hann er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans og talsmaður gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum háskólans. Hann ber ábyrgð á framkvæmd stefnu háskólans og tengslum háskólans við innlenda og erlenda samstarfsaðila. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum einstakra fræðasviða og stofnana. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætla og að þær séu samþykktar af háskólaráði. Á milli funda háskólaráðs fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans.

Hæfniskröfur.

Embættisgengir eru þeir einir sem hafa prófessorshæfi, leiðtogahæfileika og skýra og metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir háskólann, ríka samskiptahæfni og víðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun. Háskólaráð ákvarðar hvaða umsækjendur uppfylla skilyrði um embættisgengi, sbr. 2. tölul. 6. gr. reglna háskólans. Einungis þeir sem þegar hafa fengið formlegan hæfnisdóm sem prófessor við viðurkenndan háskóla áður en umsóknarfrestur rennur út teljast uppfylla skilyrði um prófessorshæfi.

Frekari upplýsingar um starfið.

Um launakjör fer samkvæmt 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra skipar háskóla rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, sbr. 8. gr. laga um opinbera háskóla. Tilnefning háskólaráðs fer fram að undangengnum kosningum í háskólanum, sbr. 6. gr. reglna háskólans. Skipunartímabil rektors er fimm ár, frá 1. júlí 2025.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2025.

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Ísaksdóttir sviðsstjóri mannauðssviðs, ragnhildurisaks@hi.is.

Háskóli Íslands.

(2025001246

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Sviðsstjóri - yfirlögregluþjónn almannavarnasviðs ríkislögreglustjóra

Vilt þú vera leiðandi við að efla almannavarnir á Íslandi?

Sviðsstjóri ber ábyrgð á að áherslur og starfsemi almannavarnasviðs séu í samræmi við lögbundið hlutverk og stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum, sem og í samræmi við markmið og stefnu embættisins. Hann er leiðandi í ákvarðanatöku um starfsemi og verklag almannavarna sem og innleiðingu nýjunga er stuðla að auknum gæðum, gagnreyndum starfsháttum og hafa það að markmiði að auka öryggi almennings. Sviðsstjóri tryggir hámarksnýtingu fjármagns og mannauðs í því skyni að tryggja öruggara samfélag sem og veita framúrskarandi þjónustu til hagsmunaaðila. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og krefst góðrar samskiptihæfni og áhuga á að leiða breytingar og eflingu liðsheildar.

Um er að ræða 100% starf.

Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar 2025.

Embætti ríkislögreglustjóra er lifandi þekkingarvinnustaður sem býr að fjölbreyttum og framúrskarandi mannauði þar sem starfa rúmlega 250 starfsmenn sem sinna margbreytilegum verkefnum. Lögð er áhersla á opin og jákvæð samskipti, markvissa starfsþróun og unnið er í samræmi við stefnu embættisins um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu.

Stefna embættis ríkislögreglustjóra í hnotskurn:

- Okkar tilgangur er að vernda og virða.
- Okkar sýn er að vinna að öruggara samfélagi.
- Okkar markmið er að vera þjónustudrifin, framsækin og upplýsandi.
- Okkar áhersla er á þjónustu - fagmennsku - mannauð - tækni - rekstur.

Helstu verkefni og ábyrgð.

- Ábyrgð á daglegri stjórnun og skipulagi almannavarnarviðs.
- Ábyrgð á að starfsemi almannavarnarviðs sé í samræmi við löggjöf, stefnur og markmið ríkislögreglustjóra.
- Leiðandi hlutverk í stefnumótun.
- Miðlun upplýsinga gagnvart samstarfsaðilum og samfélagi.
- Að unnið sé að stöðugum umbótum innan sviðsins, verkferlar séu til staðar, þeim fylgt og uppfærðir.
- Ábyrgð á undirbúningi og samhæfingu almannavarnarviðbragða í samstarfi við fjölda aðila.
- Stjórn aðgerða í samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna.
- Ábyrgð á nýsköpun og stafrænni þróun sviðsins.
- Almenn stefnumótun og yfirumsjón með áætlanagerð og innra skipulagi sviðsins.
- Uppbygging mannauðs og liðsheildar ásamt ábyrgð á mannauðsmálum sviðsins.
- Samskipti og samvinna við hagsmunaaðila, s.s. ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og önnur lögregluembætti.
- Kemur fram fyrir hönd embættisins þegar um er að ræða málaflokka sem undir sviðið heyra.
- Ber ábyrgð á og tekur þátt í erlendu samstarfi á vegum alþjóðastofnana sem falla undir verksvið sviðsins.

*Hæfniskröfur.**Menntun og reynsla.*

- Próf frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómapróf í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 ECTS stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar er skilyrði.
- Háskólapróf sem nýtist í starfi í samræmi við verkefni og ábyrgð er skilyrði.
- Farsæl stjórnunarreynsla sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er skilyrði.
- Þekking og reynsla af málefnum almannavarnarviðs er skilyrði.
- Reynsla af stjórn almannavarna aðgerða er skilyrði.
- Staðgóð þekking á sviði íslenskrar löggæslu ásamt reynslu af öryggis- og löggæslumálum er skilyrði.
- Góð þekking og reynsla af alþjóðlegu samstarfi á sviði almannavarna og neyðaraðgerða er kostur.
- Farsæl reynsla og vilji til að koma fram í fjölmiðlum er skilyrði.
- Reynsla af því að vinna undir álagi og leiða umbótastarf.
- Reynsla af gerð rekstrar- og verkefnaáætlana er skilyrði.
- Reynsla af stefnumótun og breytingastjórn er skilyrði.
- Þekking og reynsla af nýsköpun og stafrænni þróun er kostur.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er skilyrði.

Persónubundnir þættir.

- Leiðtogaþæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs.
- Samskiptahæfni, jákvæðni, drifkraftur og geta til að leiða breytingar.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og geta til að forgangsraða verkefnum.
- Skýr og metnaðarfull framtíðarsýn fyrir almannavarnarvið.
- Færni og reynsla af því að sinna síbreytilegum verkefnum.
- Metnaður til að takast á við flókin verkefni og ná árangri í starfi.
- Skipulagshæfni, skýr forgangsröðun, nákvæm og traust vinnubrögð.
- Aðlögunarhæfni, geti starfað og tekið góðar ákvarðanir undir álagi.

Frekari upplýsingar um starfið.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og hafa gert. Umsóknir skulu berast í gegnum Starfatorg (www.starfatorg.is). Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Áskilinn er réttur til að hafna öllum umsóknum.

Umsækjendur skulu senda inn ferilskrá að hámarki 2 bls. ásamt kynningarbréfi sem er að hámarki 1 bls. á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist til að sinna starfinu í samræmi við þær hæfniskröfur sem fram koma í auglýsingu. Umsækjendum um störf hjá embætti ríkislögreglustjóra kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Öll kyn eru hvött til að sækja um en í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar, eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 má engan skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu. Með vísan til 24. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008 og 20. gr. reglugerðar nr. 959/2012, sbr. einnig 30. og 31. gr. reglugerðarinnar þarf starfsmaður að standast bakgrunnskoðun til að hljóta öryggisvottun vegna starfans. Starfshlutfall er 100%.

Ríkislögreglustjóri.

(2025001360

Útgáfud.: 15. janúar 2025

Nauðungarsala - Blönduós

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfu um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins Hnjúkabyggð 33, Blönduósi, 12. febrúar 2025 kl. 10.00 hafi hún ekki áður verið felld niður:

Heiti eignar: Svarðbæli,

Húnaþingi vestra.

Fastanr.: 2133662.

Gerðarþoli (-ar): Bergljót Rist og Sveinn Atli Gunnarsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Landsbankinn hf. og Hólaborg ehf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 30.730.382.

2025001294)

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra,

15. janúar 2025.

Birna Ágústsdóttir.

(2025001293

Útgáfud.: 15. janúar 2025

Nauðungarsala - Höfn

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfu um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins Hafnarbraut 36, Höfn, 12. febrúar 2025 kl. 10.00 hafi hún ekki áður verið felld niður:

Heiti eignar: Kirkjubraut 61,

Sveitarfélaginu Hornafirði.

Fastanr.: F2181028.

Gerðarþoli (-ar): Arna Þórhallsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Landsbankinn hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 7.281.030.

2025001320)

Sýslumaðurinn á Suðurlandi,

15. janúar 2025.

Anna Lilja Ragnarsdóttir.

(2025001319

Útgáfud.: 16. janúar 2025

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Höfðabakka 9, 6. hæð, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:

ARP ehf.,
kt. 680711-0540,

Skiptafundur:

28. janúar 2025,
kl. 09.30

Reykjavík, 10. janúar 2025.

F.h. Þórð Bogasonar lögmanns,
Sandra Mjöll Markúsdóttir lögmaður.

(2025001322

Útgáfud.: 9. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 14. mars 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 31. desember 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

1202 ehf.,
kt. 470721-2430,
Sunnusmári 16-22, Kópavogi

Lýstar kröfur:

kr. 15.137.836

Reykjavík, 31. desember 2024.

Gunnar Sv. Friðriksson lögmaður.

(2025001087

Útgáfud.: 9. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 14. mars 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 31. desember 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Smiðjan döff ehf.,
kt. 640621-1410,
Þverbrekka 2, Kópavogi

Lýstar kröfur:

kr. 2.722.717

Reykjavík, 31. desember 2024.

Gunnar Sv. Friðriksson lögmaður.

(2025001088

Útgáfud.: 9. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 29. maí 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 27. desember 2024.

Skiptum var lokið á grundvelli 160. gr. laga um gjaldþrotaskipti ofl. nr. 21/1991. Samkvæmt úthlutunargerð greiddust kr. 109.595 upp í almennar kröfur sem samtals námu kr. 11.520.119. Fékkst því 0,95% hundraðshluti greiddur upp í almennar kröfur.

Nafn bús:

Profilm ehf.,
kt. 711208-1000,
Ármúla 40, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 11.520.119

Reykjavík, 2. janúar 2025.

Jónatan Hróbjartsson lögmaður.

(2025001090

Útgáfud.: 9. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 29. maí 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 27. desember 2024.

Skiptum var lokið á grundvelli 160. gr. laga um gjaldþrotaskipti ofl. nr. 21/1991. Samkvæmt úthlutunargerð voru allar forgangskröfur að fjárhæð kr. 139.399 samþykktar í búið. Lýstar almennar kröfur námu kr. 212.134.745 og eftirstæðar kröfur að fjárhæð kr. 323.160. Engin afstaða var tekin til almennra krafna og eftirstæðra krafna. Ekkert kemur til úthlutunar upp í forgangs- eða almennar kröfur.

Nafn bús:

1910 ehf.,
kt. 710113-0170,
Héðinsgötu 2, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 212.597.304

Reykjavík, 2. janúar 2025.

Jónatan Hróbjartsson lögmaður.

(2025001091

Útgáfud.: 9. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 27. maí 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 27. desember 2024.

Skiptum var lokið á grundvelli 160. gr. laga um gjaldþrotaskipti ofl. nr. 21/1991. Samkvæmt úthlutunargerð greiddust kr. 630.416 upp í almennar kröfur sem samtals námu kr. 4.025.941. Fékkst því 15,6% hundraðshluti greiddur upp í almennar kröfur.

Nafn bús:

Árni Björn ehf.,
kt. 670103-3150,
Fornhaga 24, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 4.025.941

Reykjavík, 2. janúar 2025.

Jónatan Hróbjartsson lögmaður.

(2025001094

Útgáfud.: 10. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. september 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. nóvember 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Guðjónsson og Sigurjónsson,
kt. 650614-0890,
Brautarholti 22, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 142.451.043

Reykjavík, 6. janúar 2025.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir.

(2025001098

Útgáfud.: 10. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 18. janúar 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 17. apríl 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Járnlausnir ehf.,
kt. 611217-3070,
Hlíðarhjalla 73, Kópavogi

Lýstar kröfur:

Samtals 15.640.711 kr. og námu forgangskröfur
436.494 kr.

Reykjavík, 26. desember 2024.

Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður.

(2025001099

Útgáfud.: 13. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 29. júní 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 30. desember 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

M. Hauks ehf.,
kt. 640812-0360,
Skarphéðinsgötu 18, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 7.278.156

Reykjavík, 30. desember 2024.

Björn Þorri Viktorsson hrl.

(2025001208

Útgáfud.: 13. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. september 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 6. janúar 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Guðrún Steingrímsdóttir,
kt. 060376-4179,
Reynimel 51, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 2.161.414

Reykjavík, 6. janúar 2025.

F.h. Jóns Magnússonar lögmanns,
Þórður Már Jónsson lögmaður.

(2025001226

Útgáfud.: 13. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. september 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 6. janúar 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Lillý Mikaela Hreinsd. Midjord,
kt. 200875-6059,
Unufell 46, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 11.511.640

Reykjavík, 6. janúar 2025.

F.h. Jóns Magnússonar lögmanns,
Þórður Már Jónsson lögmaður.

(2025001227

Útgáfud.: 13. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 14. júní 2023 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 30. desember 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

G.M. Einarsson ehf.,
kt. 560298-2429,
Viðarási 75, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 21.099.615

Reykjavík, 30. desember 2024.

Björn Þorri Viktorsson hrl.

(2025001228)

Útgáfud.: 13. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. september 2024 var neðangreint dánarbú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í dánarbúinu. Skiptum á búinu var lokið 6. janúar 2025.

Nafn bús:

Axel Þór Friðriksson,
kt. 051222-4319,

Lýstar kröfur:

Reykjavík, 6. janúar 2025.

Kári Valtýsson lrl.

(2025001234)

Útgáfud.: 14. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 21. febrúar 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 9. maí 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Haffi byggir ehf.,
kt. 520121-1100,
Fannafold 150, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Ein krafa barst í búið, samtals að fjárhæð kr.
36.106.897 skv. 113. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr.
21/1991.

Reykjavík, 7. janúar 2025.

Arnar Ingi Ingvarsson lögmaður.

(2025001258)

Útgáfud.: 14. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 21. febrúar 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 9. maí 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Guðni bílar ehf.,
kt. 590617-2020,
Vagnhöfða 7, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Tvær kröfur bárust í búið, samtals að fjárhæð kr.
8.806.924, þar af kr. 8.794.224 skv. 113. gr.

gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991, en restin
eftirstæðar kröfur skv. 114. gr. sömu laga.

Reykjavík, 7. janúar 2025.

Arnar Ingi Ingvarsson lögmaður.

(2025001282

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 9. nóvember 2023 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 7. janúar 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Smartþrif ehf.,
kt. 461016-1030,
Kaplakrauni 22, Hafnarfirði

Lýstar kröfur:

kr. 29.061.065

Reykjavík, 8. janúar 2025.

F.h. Reynir Karlsson lögmaður,
Helga Reynisdóttir lögmaður.

(2025001338

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 24. janúar 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 10. janúar 2025 samkvæmt 154. gr. laga nr. 21/1991 með því að allar lýstar kröfur voru afturkallaðar.

Nafn bús:

Novo Bygg ehf.,
kt. 670416-0450,
Óðinsgötu 8a, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 2.854.251

Reykjavík, 10. janúar 2025.

Gunnhildur Pétursdóttir lögmaður.

(2025001339

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 9. nóvember 2023 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 3. janúar 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

A til Ö ehf.,
kt. 581116-1360,
Viðihvammi 1, Hafnarfyrði

Lýstar kröfur:

kr. 9.414.067

Reykjavík, 10. janúar 2025.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

(2025001344

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 9. október 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 3. janúar 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Birna Kerti ehf.,
kt. 410221-0470,
Rauðagerði 31, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 9.220.404

Vestri-Garðsauka, 10. janúar 2025.

Christiane L. Bahner lögmaður.

(2025001349

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 29. júní 2023 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 30. desember 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Heiðarvélar ehf.,
kt. 580520-1460,
Keldulandi 13, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 9.857.098

Reykjavík, 2. janúar 2025.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

(2025001350

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. október 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 3. janúar 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

BH-snyrting ehf.,
kt. 540212-0820,
Öldugötu 18, Hafnarfirði

Lýstar kröfur:

kr. 9.052.878

Reykjavík, 10. janúar 2025.

F.h. Áslaugar Gunnlaugsdóttur lögmanns,
Gunnlaugur Garðarsson lögmaður.

(2025001353

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. október 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 3. janúar 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Gott Ráð ehf.,
kt. 540219-0360,
Lyngási 1E, Garðabæ

Lýstar kröfur:

kr. 9.984.615

Reykjavík, 10. janúar 2025.

F.h. Áslaugar Gunnlaugsdóttur lögmanns,
Gunnlaugur Garðarsson lögmaður.

(2025001354

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 22. apríl 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 9. september 2016.

Skipti á þrotabúinu voru endurupptekin á grundvelli 164. gr. laga nr. 21/1991. Með vísan til 1. mgr. 164. gr. laga nr. 21/1991 var enduruppteknum skiptum lokið 10. janúar 2025, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur.

Nafn bús:

Best Buy,
kt. 710512-0430,

Lýstar kröfur:

kr. 7.772.519

Reykjavík, 10. janúar 2025.

F.h. Kristins Hallgrímssonar hrl,
Jón Ásbjörnsson lögmaður.

(2025001358

Útgáfud.: 20. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 29. júní 2023 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 17. desember 2024 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Lifandi streymi ehf.,
kt. 611220-0730,
Lynghálsi 4, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Almennar kröfur skv. 113. gr. 5.528.409 kr.

Reykjavík, 13. janúar 2025.

Vífill Harðarson lögmaður.

(2025001451

Útgáfud.: 20. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. nóvember 2022 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 10. janúar 2025.

Skipti á þrotabúinu voru endurupptekin þann 3. desember 2024 á grundvelli 164. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skiptum var lokið á grundvelli 160. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt samþykkttri úthlutunargerð í þrotabúinu greiddust 1.196.916 kr. upp í forgangskröfur skv. 112. gr. laga nr. 21/1991, en ekkert upp í aðrar kröfur.

Nafn bús:

Taj Mahal ehf.,
kt. 541119-2130,

Lýstar kröfur:

Búskröfur skv. 110. gr. 350.000 kr.; forgangskröfur skv. 112. gr. 1.431.070 kr.; almennar kröfur skv. 113. gr. 11.511.796 kr., og eftirstæðar kröfur skv. 114. gr. 166.680 kr. eða alls 13.459.546 kr.

Reykjavík, 13. janúar 2025.

Vífill Harðarson lögmaður.

(2025001456

Útgáfud.: 20. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 16. október 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 8. janúar 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Vigfús Ólafsson,
kt. 071165-5079,
Óstaðsettur í hús

Lýstar kröfur:

Lýstar kröfur námu samtals, skv. 113. gr. gbl. kr. 55.088.165, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

Reykjavík, 12. janúar 2025.

Sveinn Skúlason lögmaður.

(2025001458

Útgáfud.: 20. janúar 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 9. nóvember 2023 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 3. janúar 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Línufljót ehf.,
kt. 550920-1740,
Norðurbakka 9a, Hafnarfirði

Lýstar kröfur:

kr. 1.890.678

Reykjavík, 10. janúar 2025.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

(2025001465

Útgáfud.: 9. janúar 2025

Auglýsing um skipulag - Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur og Hrunamannahreppur

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftir-farandi skipulagsáætlunar:

1. Efra-Sel golfvöllur; Breyttur byggingarreitur og hótél; Aðalskipulagsbreyting – 2404066.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir á fundi sínum 5. desember að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til svæðis VÞ5, Efra-Sels golfvallar. Í breytingunni felst heimild fyrir fjölgun herbergja hótels/gistiheimilis á reitnum. Innan gildandi aðalskipulags Hrunamannahrepps er gert ráð fyrir allt að 80 gistirúmum á allt að 5 ha svæði. Eftir breytingu verður gert ráð fyrir allt að 170 gistirúmum á allt að 5 ha svæði.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytingar:

2. Sauðholt 2 lóð L220917, Sauðholt 2B L231134; Sameining lóða; Deiliskipulag – 2411032.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum 18. desember að auglýsa tillögu nýs deili-skipulags sem tekur til lóðar Sauðholts 2 og Sauðholts 2B. Í gildi er deiliskipulag sem tekur til lands Sauðholts 2 lóð L220917. Við gildistöku tillögunnar fellur núverandi skipulag svæðisins úr gildi. Í breytingunni felst sameining þessara tveggja lóða í eina auk skilgreiningar á bygg-ingarreitum og byggingarheimildum.

3. Birtingaholt 1; Birtingaholt 1D og 1D land; Deiliskipulag – 2411070.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum 19. desember deiliskipulag til auglýsingar sem tekur til lands úr jörð Birtingarholts 1. Í tillögunni felst skilgreining lands og lóðar þar sem gert er ráð fyrir grænmetisráktun auk uppbyggingar á allt að 500 m² aðstöðuhúsi og allt að 165 m² íbúðarhúsi. Innan byggingarreits aðstöðuhúss er einnig gert ráð fyrir að-stöðuplani og bílastæðum.

4. Heiðargerði 9-18; Athafnasvæði; Deiliskipulag – 2412025.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum 17. desember deiliskipulag til auglýsingar sem tekur til athafnasvæðis AT1 við Heiðargerði. Innan deiliskipulagsins eru afmarkaðar 10 lóðir sem ætlaðar eru til uppbyggingar hreinlegrar atvinnustarfsemi. Auk þess er gert ráð fyrir geymslu- og gámasvæði.

5. Efra-Sel golfvöllur; Breyting á verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulagsbreyting – 2412015.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum 19. desember breytingu á deili-skipulagi til auglýsingar sem tekur til Efra-Sels golfvallar L203094. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir gistingu í 10 gestahúsum á reit A og allt að 30 herbergja gistiálmu á byggingar-reit B eða samtals 80 gestum. Í

breytingunni felst að öll gisting er færð í eina byggingu neðan við núverandi golfskála sem gert er ráð fyrir að rúmi allt að 170 gesti. Breytt lega hótels kallar á breytingu á aðkomuvegi og bílastæðum. Fjölgun hótélherbergja kallar á breytingu á aðal-skipulagi og sú breyting er í ferli samhliða breytingu á deiliskipulagi.

6. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum; Frá Haki að Leirum; Deiliskipulag – 1904036.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags ásamt óverulegri breytingu á núverandi deiliskipulagi sem tekur til Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Deiliskipulagið felur í sér að skilgreina fyrirkomulag vega, bíla-stæða, útivistar- og almenningsvæða, göngustíga og gangstétta ásamt mögulegri uppbygg-ingu svæðisins til framtíðar. Þá verður gerð grein fyrir lóðarmörkum, byggingarreitum, nýtingarhlutfalli og öðrum þeim ákvæðum sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi. Helstu markmið skipulagsins er að tryggja vernd einstakrar náttúru og menningarmínja Þing-valla og bæta aðgengi að og um vesturhluta þjóðgarðsins og auka þjónustu við gesti hans. Samhliða vinnu við deiliskipulag er gerð breyting á gildandi deiliskipulagi sem felst í því að sá hluti deiliskipulagsins sem nær til svæðis austan við Þingvallaveg ásamt svæði sem nær til bílastæða á bökkum Hrutagilslækjar vestan Þingvallavegar er felldur úr gildi auk deiliskipulags sem tekur til Valhallar- og þingplans. Niðurfelling þessara hluta skipulagsáætlana svæðisins er gerð samhliða samþykkt þessa deiliskipulags en þeir skilmálar sem við eiga eru nýttir innan nýs deiliskipulags. Skipulagstillagan er lögð fram í formi greinargerðar og yfirlitsuppdráttar auk þess sem lagðir eru fram þrír deiliskipulagsuppdráttir af hverju svæði fyrir sig sem skiptast í suðurhluta, miðhluta og norðurhluta. Deiliskipulagstillagan var auglýst þann 28. nóvember 2024 með athugasemdafrest til 10. janúar 2025. - Með auglýsingu þessari er gefinn aukinn frestur til að koma á framfæri umsögnum og athugasemdum eða til 24. janúar 2025.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.fludir.is.

Mál 1 - 5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 9. janúar 2025 með athugasemdafresti til og með 21. febrúar 2025.

Mál 6 er þegar í auglýsingu en með auglýsingu þessari er gefinn er aukinn athugasemdafrestur til og með 24. janúar 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Vigfús Þór Hróbjartsson.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita.

(2025001084

Útgáfud.: 9. janúar 2025

Auglýsing um skipulag - Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Borgartúnsreitur - Brietartún 3-5.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. desember 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. desember 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Brietartún. Í breytingunni sem lögð er til felst að byggingarreitur er stækkaður til norðurs og nýtingarhlutfall aukið, heimilt verður að bæta tveimur hæðum ofan á núverandi heimildir á norðausturhluta lóðar, bílastæðum er fækkað um 22 stæði og verða engin bílastæði ofanjarðar á lóð. Við ákvörðun um fjölda bílastæða er farið eftir bíla- og hjólastæðareglum borgarinnar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Skeifan-Fenin - Skeifan 7 og 9.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. desember 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. desember 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Skeifuna-Fenin vegna lóðanna nr. 7 og nr. 9 við Skeifuna. Í breytingunni sem lögð er til felst m.a. að sameina lóðirnar og afmarka þær í eina nýja lóð að viðbættu borgarlandi að Suðurlandsbraut, rífa niður þær byggingar sem fyrir eru á lóðunum og reisa nýja byggingu með íbúðum og atvinnuhúsnæði á nýrri sameinaðri lóð. Byggingin verður að mestu leyti

4 til 6 hæða með randbyggð umhverfis upplyftan garð, en þó 8 hæðir á norðvesturhorni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillögurnar hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8.30–16.00 og föstudaga kl. 8.30–14.30 frá 9. janúar 2025 til og með 20. febrúar 2025. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 20. febrúar 2025. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.

Reykjavík, 9. janúar 2025.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

(2025001093

Útgáfud.: 13. janúar 2025

Auglýsing um skipulag - Mýrdalshreppur

Í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2023.

Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2023 – Litlu-Hólar.

Um er að ræða breytingu á sveitarfélagsupprætti og breyting á greinargerð. Viðfangsefni breytingarinnar er að bæta við nýju 0,5 ha verslunar- og þjónustusvæði á Litlu-Hólum, með heimild fyrir allt að 500m² byggingarmagni og 20 gistirúmum. Fær svæðið númerið VP45 og er auðkennt með hringtákn á uppdrætti.

Tillagan liggur frammi hjá skipulagsfulltrúa Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík, á skipulagsgátt og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is frá 14. janúar til og með 25. febrúar 2025.

Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík, í skipulagsgátt eða í tölvupósti á skipulag@vik.is. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út þriðjudaginn 25. febrúar 2025.

George Frumuselu

skipulagsfulltrúi Mýrdalshrepps.

(2025001233

Útgáfud.: 13. janúar 2025

Auglýsing um skipulag- Mýrdalshreppur

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu um nýtt deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði í Vík ásamt fjörunni og sjónum þar fyrir neðan.

Iðnaðarsvæði - Deiliskipulagstillaga.

Skipulagssvæðið er um 26 ha að stærð og staðsett í austurhluta Víkur, sunnan Suðurlandsvegar. Deiliskipulagstillaga gerir ráð fyrir nýju deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði í Vík, ströndinni fyrir neðan iðnaðarsvæðið og 115 m út í sjó því innan skipulagsins eru einnig tveir sandfangarar.

Tillaga þessi liggur frammi hjá skipulagsfulltrúa Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík, á skipulagsgátt og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is frá 14. janúar til og með 25. febrúar 2025.

Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík, í skipulagsgátt eða í tölvupósti á bygg@vik.is. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út þriðjudaginn 25. febrúar 2025.

George Frumuselu skipulagsfulltrúi Mýrdalshrepps.

(2025001240

Útgáfud.: 14. janúar 2025

Auglýsing um skipulag - Rangárþing ytra

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að breytingum á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028.

Geitasandur og Geldingalækur. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 12. júní 2024 tillögu að breytingum á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Geitasand og Geldingalæk. Varðandi Geitasand er gert ráð fyrir að fella út hluta af skógræktar- og landgræðslusvæði SL5 innan Geitasands (L199603), en heildarstærð svæðisins (SL5) er um 1010 ha og mun allt að þriðjungur þess verða breytt og skilgreint í staðinn sem landbúnaðarsvæði. Um að ræða land í nágrenni sviðflugvallarins á Geitamel. Flugbraut / lendingarstaður FV4 innan svæðisins helst óbreytt. Varðandi Geldingalæk er gert ráð fyrir að breyta landbúnaðarsvæði syðst í landi Geldingalækjar (L164490), svokallað Stórholt í um 140 ha skógræktar- og landgræðslusvæði.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Oddspartur, Rangárþingi ytra, deiliskipulag (Endurauglýsing).

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 9. október 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Oddspart. Tilheyrandi breytingar á aðalskipulagi eru í ferli auglýsingar. Fyrir er veitingastaður og tvennar gistihvelfingar (kúluhús) til útleigu innan skikans. Áform eru um áframhaldandi uppbyggingu innan svæðis, þá allt að 15 gistihvelfingar (kúluhús) og tvenn þjónustuhús ásamt stækkun núverandi húsnæðis veitingastaðar og íbúðarhúss. Einnig er gert ráð fyrir 5 stærri húsum til útleigu fyrir gesti. Gert er ráð fyrir gistiplássi fyrir allt að 70 gesti. Aðkoma er af Ásvegi. Tillagan er hér endurauglýst en bent er á að fyrri umsagnir gilda áfram.

Tillagan liggur frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu, í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 26. febrúar 2025.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is.

Har. Birgir Haraldsson

Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra.

(2025001285

Útgáfud.: 15. janúar 2025

Auglýsing um skipulag - Skagafjörður

Borgarmýri 1 og Borgarmýri 1A, Sauðárkróki (mál nr. 39/2025 í Skipulagsgáttinni).

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 33. fundi sínum þann 18. desember 2024 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Borgarmýri 1 og 1A, Sauðárkróki í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan er sett fram með greinargerð og skipulagsuppdretti nr. DS01, í verki 56293303, dags. 22. nóvember 2024, unnin hjá Stoð verkfræðistofu ehf.

Skipulagsuppdrátturinn sýnir lóðamörk, aðkomu og bílastæði og byggingarreiti innan skipulagssvæðisins, ásamt helstu byggingarskilmálum. Í gildi er deiliskipulag Borgarmýrar 1, samþykkt 03. júlí 2024. Með deiliskipulagi þessu, fyrir Borgarmýri 1 og 1A, fellur fyrra deiliskipulag úr gildi.

Deiliskipulagstillagan er auglýst frá 15. janúar 2025 til og með 28. febrúar 2025. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á www.skipulagsgatt.is undir málsnúmerinu 39/2025. Tillagan mun jafnframt liggja frammi til kynningar í Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma frá kl. 10.00-12.00 og kl. 12.30-15.00. Einnig er hægt að nálgast gögnin á heimasíðu Skagafjarðar www.skagafjordur.is.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum varðandi deiliskipulagstillöguna. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast í gegnum Skipulagsgáttina www.skipulagsgatt.is í síðasta lagi 28. febrúar 2025. Einnig er hægt að skila inn umsögnum til skipulagsfulltrúa í afgreiðslu Ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is.

Umsagnir um skipulagsmál sveitarfélagsins teljast til opinberra gagna. Vakin er athygli á því að nöfn og umsagnir koma fram í fundargerðum Skipulagsnefndar og eru aðgengileg opinberlega á Skipulagsgáttinni. Persónuupplýsingar eru aðeins nýttar í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna sendanda.

Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar.

(2025001286

Útgáfud.: 15. janúar 2025

Auglýsing um skipulag - Rangárþing eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Bórólfsfell - nýtt deiliskipulag.

Deiliskipulagstillagan tekur til 10 ha svæðis að Felli, L188953. Heimilt verður að viðhalda núverandi skála eða endurbyggja, hámarksstærð verður allt að 120 m², 45 m² skálavarðarhúsi með geymslu auk þess að heimilt verður að byggja umhverfis rafstöð. Mænishæð verður allt að 6 m. miðað við gólfkóta.

Bólstaður - nýtt deiliskipulag.

Deiliskipulagstillagan tekur til 3,5 ha svæðis við Bólstað sem tilheyrir þjóðlendunni að Fljótshlíðarafrétt, L233962. Heimilt verður að viðhalda núverandi skála eða endurbyggja, hámarksstærð verður allt að 120 m², 45 m² skálavarðarhúsi með geymslu auk þess að heimilt verður að byggja umhverfis rafstöð. Mænishæð og þakform er frjálst.

Emstrur - nýtt deiliskipulag.

Deiliskipulagstillagan tekur til 3 ha svæðis við Emstrur, Mosa sem tilheyrir þjóðlendunni að Emstrur, L233955. Heimilt verður að viðhalda núverandi skála eða endurbyggja, hámarksstærð verður allt að 100 m², 45 m² skálavarðarhúsi með geymslu auk þess að heimilt verður að byggja allt að 30 m² við núverandi hesthús. Gæta skal samræmis í útliti allra bygginga á staðnum. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 15. janúar 2025. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 27. Febrúar 2025. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Rangárþing eystra.

(2025001288

Útgáfud.: 15. janúar 2025

Auglýsing um skipulag - Skagafjörður

Stjórnarmaður: Stefania Rebecca Papa. *Varastjórn:* Ionela-Adina Vaduva, kt. 230901-3170, Öldutúni 8, 220 Hafnarfjörður.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Stefania Rebecca Papa.

Prókúruumboð: Stefania Rebecca Papa.

Skodunarmaður/endurskoðandi: Stanley Pétur Kowal, kt. 130473-2299, Kleifakór 9, 203 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Farþegaflutningar á landi, innanbæjar og í úthverfum, Rekstur leigubíla.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001484

Útgáfud.: 21. janúar 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **CC Management Consulting Ltd, útbúi á Íslandi.**

Kt.: 500125-0200.

Heimili og varnarþing: **Skeifunni 4, Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er:

Stofnendur: CC Management Consulting Ltd, kt. 470125-9930.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 22. nóvember 2024.

-.

Firmað ritar: Útibússtjóri.

Prókúruumboð: Xuan Zhang, kt. 200981-4219, Bretland.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: -.

Hlutfé kr.:

Tilgangur: Tilgangur útibúsins er að veita alhliða þjónustu á sviði tækni, fjarskipta og ráðgjafar. Þá er tilgangur útibúsins að framleiða og afhenda nýstárlegar tæknilausnir, upplýsingatækni- og fjarskiptaráðgjöf, þróun netkerfa, hugbúnaðarþróun og stefnumótandi viðskiptaráðgjöf. Að styðja fyrirtæki við að hámarka rekstur sinn með háþróaðri fjarskipta- og tæknisamþættingu, auk sérfræðiráðgjafapjónustu.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Nei.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001485

Útgáfud.: 21. janúar 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **PMB ehf.**

Kt.: 500125-1280.

Heimili og varnarþing: **Holtssvegi 4, 210 Garðabær.**

Dagsetning samþykktar er: 10. desember 2024.

Stofnendur: Pétur Már Bernhöft, kt. 131295-2359, Holtssvegi 4, 210 Garðabær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 10. desember 2024.

Stjórnarmaður: Pétur Már Bernhöft. *Varastjórn:* Sigurður Örn Bernhöft, kt. 050868-3709, Ásbúð 9, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Pétur Már Bernhöft.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Enor ehf., kt. 530612-2010, Hafnarstræti 53, 600 Akureyri.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001486

Útgáfud.: 21. janúar 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **A2002 ehf.**

Kt.: 460125-1620.

Heimili og varnarþing: **Sjafnarbrunni 10, 113 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 3. janúar 2025.

Stofnendur: Ástvaldur Ari Guðmundsson, kt. 050702-2430, Sjafnarbrunni 10, 113 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 3. janúar 2025.

Stjórnarmaður: Ástvaldur Ari Guðmundsson. *Varastjórn:* Róbert Híram Ágústsson, kt. 240102-2260, Þrúðsölum 2, 201 Kópavogur.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Ástvaldur Ari Guðmundsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: María Kristín Rúnarsdóttir, kt. 020277-5569, Gauksási 16, 221 Hafnarfjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Blönduð smásöluverslun.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001487

Útgáfud.: 21. janúar 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Velvild ehf.

Kt.: 480125-0530.

Heimili og varnarþing: Hjarðarhlíð, 701 Egilsstaðir.

Dagsetning samþykktar er: 7. janúar 2025.

Stofnendur: Freyja Pálína Jónatansdóttir, kt. 150387-2809, Hjarðarhlíð, 701 Egilsstaðir.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 7. janúar 2025.

Stjórnarmaður: Freyja Pálína Jónatansdóttir. Varastjórn: Bergþór Steinar Bjarnason, kt. 210389-2539, Hjarðarhlíð, 701 Egilsstaðir.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Freyja Pálína Jónatansdóttir.

Skodunarmaður/endurskoðandi: Unnur Inga Dagsdóttir, kt. 060170-2909, Brekkuseli 6, 700 Egilsstaðir.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Ráðgjöf og fræðsla, önnur bókunarþjónusta og starfsemi tengt ferðaþjónustu og allt því tengt, einnig kaup, sala og rekstur fasteigna.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001488

Útgáfud.: 21. janúar 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: LN11 ehf.

Kt.: 460125-4560.

Heimili og varnarþing: Laugavegi 27B, 101 Reykjavík.

Dagsetning samþykktar er: 4. desember 2024.

Stofnendur: Nadía Lind Atladóttir, kt. 290493-2779, Laugavegi 27B, 101 Reykjavík, Lasse Skytt, kt. 010687-5949, Laugavegi 27B, 101 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 4. desember 2024.

Stjórnarmaður: Nadía Lind Atladóttir. Varastjórn: Lasse Skytt.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Nadía Lind Atladóttir.

Prókúruumboð: Nadía Lind Atladóttir.

Skodunarmaður/endurskoðandi: Ómar Davíðsson, kt. 100571-4209, Fákahvarfi 10, 203 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Sala á minjagripum og önnur smásala á varningi, ferðaþjónusta, eignarhald og útleiga fasteigna, verðbréfavíðskipti, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001489

Útgáfud.: 21. janúar 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Myndabox ehf.

Kt.: 500125-1870.

Heimili og varnarþing: **Rauðagerði 14, 108 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 9. janúar 2025.

Stofnendur: Ægir Már Burknason, kt. 031085-2339, Rauðagerði 14, 108 Reykjavík, Gissur Már Jónsson, kt. 110587-3769, Ásakór 15, 203 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 9. janúar 2025.

Formaður stjórnar: Gissur Már Jónsson. Meðstjórnandi: Ægir Már Burknason. Varastjórn: Sigríður Arna Júlíusdóttir, kt. 051186-2499, Ásakór 15, 203 Kópavogur, Halldóra Vattnes Kristjánsd., kt. 160888-2619, Rauðagerði 14, 108 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Ægir Már Burknason.

Prókúruumboð: Ægir Már Burknason, Gissur Már Jónsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Halldór Berg Sigfússon, kt. 190484-2119, Kolagötu 1, 101 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur tækjaleigu, heildsölu- og smásöluverslun, innflutningur, ráðgjöf og ýmis önnur þjónusta og verktakastarfsemi, fjárfestingar og rekstur fasteigna og lausafjár, lánastarfsemi svo og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001490

Útgáfud.: 21. janúar 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **P 347 ehf.**

Kt.: 460125-3830.

Heimili og varnarþing: **Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 12. desember 2024.

Stofnendur: PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 12. desember 2024.

Stjórnarmaður: Friðgeir Sigurðsson, kt. 030763-5569, Selbraut 4, 170 Seltjarnarnes. Varastjórn: Hannes Sigurðsson, kt. 270484-2399, Sigurhæð 3, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Friðgeir Sigurðsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Stefán Bergsson, kt. 080347-4569, Salthömrur 24, 112 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Kaup og sala á verðbréfum, rekstur og eignarhald á fasteignum og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001491

Útgáfud.: 21. janúar 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Rúll-upp ehf.**

Kt.: 460125-2430.

Heimili og varnarþing: **Ásvallagötu 14, 101 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 1. janúar 2025.

Stofnendur: Gyrðir Hrafn Guðbrandsson, kt. 300399-2159, Ásvallagötu 14, 101 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 1. janúar 2025.

Stjórnarmaður: Guðbrandur Stígur Ágústsson, kt. 240360-3069, Ásvallagötu 14, 101 Reykjavík. Varastjórn: Brynhildur Arthúrsdóttir, kt. 090569-5549, Ásvallagötu 14, 101 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Gyrðir Hrafn Guðbrandsson.

Prókúruumboð: Gyrðir Hrafn Guðbrandsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Nanna Sigurðardóttir, kt. 130863-8179, Brekkugötu 3, 210 Garðabær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er innflutningur á ýmsum neytandavörum og stunda heildsölu og smásölu.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001492

Útgáfud.: 21. janúar 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Myriad Reflector ehf.**

Kt.: 460125-4480.

Heimili og varnarþing: **Hraungötu 48, 210 Garðabær.**

Dagsetning samþykktar er: 2. janúar 2025.

Stofnendur: Árni Rúnar Benediktsson, kt. 231089-2849, Hraungötu 48, 210 Garðabær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 2. janúar 2025.

Stjórnarmaður: Árni Rúnar Benediktsson. Varastjórn: Benedikt Rúnar Árnason, kt. 231063-4209, Hraungötu 50, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Árni Rúnar Benediktsson.

Prókúruumboð: Árni Rúnar Benediktsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Ómar Davíðsson, kt. 100571-4209, Fákahvarfi 10, 203 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Starfsemi rafvirkja, eignarhald hlutabréfa, kaup og sala annara verðbréfa, eignarhald og útleiga íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, lánastarfsemi og tengdur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001493

Útgáfud.: 21. janúar 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Auðtindur ehf.**

Kt.: 500125-1440.

Heimili og varnarþing: **Bjarkargrund 24, 300 Akranes.**

Dagsetning samþykktar er: 23. desember 2024.

Stofnendur: Steinar Helgason, kt. 030987-2929, Bjarkargrund 24, 300 Akranes.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 23. desember 2024.

Stjórnarmaður: Steinar Helgason. Varastjórn: Auður Sigurðardóttir, kt. 171259-3989, Akralundi 6, 300 Akranes.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Steinar Helgason.

Prókúruumboð: Steinar Helgason.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Styrmir Már Ólafsson, kt. 301292-2959, Borgarvík 20, 310 Borgarnes.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Rekstrar- og fjármálaráðgjöf og annar skyldur rekstur, fjárfestingastarfsemi og annar skyldur rekstur, starfsemi eignarhaldsfélaga og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001494

Útgáfud.: 21. janúar 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Hrímtak ehf.**

Kt.: 460125-0220.

Heimili og varnarþing: **Austurvegi 7, 710 Seyðisfjörður.**

Dagsetning samþykktar er: 17. desember 2024.

Stofnendur: Gabríel Björn Brown Björnsson, kt. 041195-2669, Austurvegi 7, 710 Seyðisfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 17. desember 2024.

Stjórnarmaður: Gabríel Björn Brown Björnsson. *Varastjórn:* Dagrún Vilborg Þórhallsdóttir, kt. 301201-2650, Austurvegi 7, 710 Seyðisfjörður.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Gabríel Björn Brown Björnsson.

Skodunarmaður/endurskoðandi: Gísli Marinó Auðbergsson, kt. 141066-3829, Strandgötu 35, 735 Eskifjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er verktakastarfsemi tengd uppskipun sjávaraflla og þjónusta því tengd, auk reksturs á bílum og verkfærum og skyld starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001495

Útgáfud.: 21. janúar 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **MiraLuna ehf.**

Kt.: 460125-5290.

Heimili og varnarþing: **Smárabarði 2, 220 Hafnarfjörður.**

Dagsetning samþykktar er: 3. janúar 2025.

Stofnendur: Mirabela-Cristina Harja, kt. 260687-5149, Smárabarði 2, 220 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 3. janúar 2025.

Stjórnarmaður: Mirabela-Cristina Harja. *Varastjórn:* Ana Ionescu, kt. 301291-4349, Víðimel 35, 107 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Mirabela-Cristina Harja.

Prókúruumboð: Mirabela-Cristina Harja.

Skodunarmaður/endurskoðandi: Delia Florentina Frumuselu, kt. 210276-4759, Eskihlíð 22A, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Minjagripavörur, handverk og skyldur rekstur, ásamt tilheyrandi eignum og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025001500

Útgáfud.: 10. janúar 2025

Innlögn löggildingar til endurskoðunarstarfa

Endurskoðendaráð hefur fallist á beiðni Hjalta Magnússonar, kt. 171151-3849, um innlögn löggildingar til endurskoðunarstarfa frá 31. desember 2024.

Endurskoðendaráð hefur fallist á beiðni Eyvindar Albertssonar, kt. 071055-3029, um innlögn löggildingar til endurskoðunarstarfa frá 31. desember 2024.

Þann 3. janúar 2025 féllst endurskoðendaráð á beiðni Tryggva E. Geirssonar, kt. 171152-3059, um innlögn löggildingar til endurskoðunarstarfa.

Þann 3. janúar 2025 féllst endurskoðendaráð á beiðni Þorvarðar Gunnarssonar, kt. 140554-2279, um innlögn löggildingar til endurskoðunarstarfa.

Þann 7. janúar 2025 féllst endurskoðendaráð á beiðni Jóhanns Unnsteinssonar, kt. 120259-3269, um innlögn löggildingar til endurskoðunarstarfa.

Endurskoðendaráð, 8. janúar 2025.

(2025001100

Útgáfud.: 6. janúar 2025

Stefna - til greiðslu skuldar**Menntasjóður námsmanna,****kt. 710169-0989,****Borgartúni 21, Reykjavík,**

gerir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Katrín Hjartar Jónsdóttir, kt. 131155-2989, Frakklandi.

Dómkröfur: Stefndi gerir þær dómkröfur að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.947.962 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 145.023 frá 1. mars 2021 til 18. september 2023, af kr. 2.947.962 frá 18. september 2023 til greiðsludag. Kröfunúmer: 1012-230018.

Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu að viðbættum virðisaukaskatti að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Undirritaður lögmaður, Hildur Þórarinsdóttir, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfrafa máls þessa er til komin vegna námsláns stefndu, sem hún fékk greitt út hjá stefnanda á árinu 1995. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefnda af því tilefni út skuldabréf nr. R-010809 þann 20. nóvember 1994 þar sem hún undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 30.06.2000. Jafnframt veitti stefnda stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæðin 823.486 krónum miðað við grunnvísitölu 198,4.

Um endurgreiðslu á láninu fer skv. þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Endurgreiðslan hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda. Árleg endurgreiðsla skuldabréfsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst árgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við neysluvísitölu og hins vegar er tekjutengd árgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af útsvarsstofni lánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins átti að vera 30. júní 2002 samkvæmt ákvæði skuldabréfsins en endurgreiðslur lánsins frestuðust fram til ársins 2021 þar sem lántakanda bar fyrst að greiða af eldri lánnum nr. R-001496 og R-016023 sbr. 18. gr. laga nr. 21/1992 um innheimturöð námslána. Stefnda fékk undanþágu frá afborgunum lánsins á árunum 2015-2020 vegna örorku en afborgun myndaðist á láninu með gjalddaga 1. mars 2021 sem er ógreiddur. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 18. ágúst 2023 vegna verulegra vanskila stefndu en þá voru gjaldfallin afborgun lánsins að fjárhæð 145.023 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 2.802.939 krónur miðað við vísitölu 595,6 og 0,4% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir	dags. 1.3.2021	kr. 145.023
Gjaldfallnar eftirst.		kr. 2.802.939
Samtals eftirst.		kr. 2.947.962

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar, sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er búsett í Frakklandi samkvæmt þjóðskrá og með skráð með heimilisfangið: 86 avenue Jean Perrot, 38100 GRENoble, Frakkland. Stefna sem þingfesta fyrirhugað var að þingfesta þann 12. september 2024 var þýdd og send í birtingu til Frakklands í febrúar 2024 en frestur til að birta stefnuna fyrir stefndu var nánar tilgreindur í Haag eyðublaðinu til franskra yfirvalda sem var í síðasta lagi þann 12. ágúst 2024. Gögn um stefnubirtingu bárust frá Frakklandi þann 3. desember 2024 þar sem kom fram að stefnan hafi verið birt stefndu þann 22. ágúst 2024 þ.e. eftir stefnufrestinn. Stefndandi á því ekki annars kosta vöð en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefndu í Frakklandi auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefndandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmans.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 laga um meðferð einkamála. Stefndandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna, sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefndandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefndandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefndandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. R-010809.
4. Yfirlit yfir útborganir lánsins og upplýsingar um námslok.
5. Greiðsluyfirlit dags. 23. nóvember 2023.
6. Yfirlit yfir stöðu lánsins dags. 18. ágúst 2023.
7. Upplýsingar frá stefnanda um greiðslu á eldri R-lánnum dags. 24. nóvember 2023.
8. Innheimtuviðvörðun dags. 30. mars 2023.
9. Innheimtubréf dags. 12. maí 2023.
10. Tilkynning um gjaldfellingu lánsins dags. 18. ágúst 2023.
11. Upplýsingar úr kerfi stefnanda um heimilisfang stefndu í Frakklandi.
12. Yfirlit yfir undanþágur frá afborgunum.
13. Upplýsingar frá Sýslumanninum á Suðurnesjum um stefnubirtingu dags. 5. desember 2024.
14. Birtingavottorð frá frönskum yfirvöldum móttekið dags. 3. desember 2024.
15. Beiðni um stefnubirtingu á grundvelli Haag samningsins frá 15. nóvember 1965.
16. Afrit af þýddri stefnu sem fyrirhugað var að þingfesta þann 12. septemberr 2024.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefndu tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með stefndu, til þess að mæta, er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 13. febrúar 2025 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útvistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 10. desember 2024.

F. h. Hildar Þórarinsdóttur lögmanns,

Dagbjört J. Hauksdóttir lögfræðingur.

(2025000740

Útgáfud.: 9. janúar 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 7101690989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefndi: Ólafur Fáfírnir Sigurgeirsson, kt. 0204723249, með ótilgreint lögheimili.

Dómkröfur: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.770.108 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 179.553 frá 01.03.2024 til 01.09.2024, en af kr. 247.520 frá þeim degi til 10.11.2024, en af kr. 1.770.108 frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2024 frá 1. janúar 2024, að viðbættum 24% virðisaukaskatti. Kröfunr. 546-73232.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirsvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefnda sem hann tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-110650 þann 16.08.2010 upphaflega að fjárhæð kr. 910.165. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 363,8 stig sem er vísitala neysluverðs í júní 2010. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögnum og úrskurðar um vafatilfalli. Námslok eru skráð hjá stefnda þann 29.06.2010, en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Við námslok var fjárhæð námslána stefnda færð á skuldabréf nr. G-110650, sbr. 5. gr. þágildandi reglugerðar nr. 602/1997 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 01.03.2024 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga þann 01.03.2024.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð
01.03.2024	179.553
01.09.2024	67.967
Gjaldfelldar eftirstöðvar 10.10.2024	1.522.588

Eða alls kr. 1.770.108,00, sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Stefna á hendur stefnda er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi er skráður með ótilgreint lögheimili hjá Þjóðskrá Íslands og á stefnandi því ekki aðra úrkosti en að birta stefnuna í Lögbirtingablaði.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-110650, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við 1. mgr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 25. febrúar 2025 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 2. janúar 2025.

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2025001081

Útgáfud.: 9. janúar 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 7101690989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Áslaug Heiða Gunnarsdóttir, kt. 1209833429, með ótilgreint lögheimili.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 7.159.911 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 6.356 frá 1.9.2023 til 1.3.2024, en af kr. 185.909 frá þeim degi til 1.9.2024, en af kr. 381.170 frá þeim degi til 25.10.2024, en af kr. 7.159.911 frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2024 frá 1. janúar 2024, að viðbættum 24% virðisaukaskatti. Kröfunr. 546-73166.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-059624 þann 27.09.2005 upphaflega að fjárhæð kr. 4.436.845. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 374,1 stig sem sem er vísitala neysluverðs í júní 2011. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögnum og úrskurðar um vafatílfelli. Námslok eru skráð hjá stefndu þann 29.06.2011, en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Við námslok var fjárhæð námslána stefndu færð á skuldabréf nr. G-059624, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 01.09.2023 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga þann 25.9.2024.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi

Upphæð

01.09.2023	6.356
01.03.2024	179.553
01.09.2024	195.261
Gjaldfelldar eftirstöðvar 25.09.2024	6.778.741

Eða alls kr. 7.159.911 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Áður en krafa stefnanda var sett í lögfræðinnheimtu var greitt kr. 31.813 inn á gjalddaga 01.09.2023. Nema eftirstöðvar gjalddagans kr. 6.356.

Stefna á hendur stefndu er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er skráð með ótilgreint lögheimili hjá Þjóðskrá Íslands og á stefnandi því enga aðra kosti en að birta stefnuna í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-059624, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við 1. nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 25. febrúar 2025 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 2. janúar 2025,

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2025001092

Útgáfud.: 15. janúar 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Teyá Iceland hf., kt. 440686-1259, Katrínartúni 4, Reykjavík.

Stefndi: Bartosz Jerzy Garal, kt. 120282-3609, Útlönd.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Davíð Blöndal Þorgeirsson, lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 753.910, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 92.738 frá 02.10.2022 til 02.11.2022, af kr. 185.475 frá 02.11.2022 til 02.12.2022, af kr. 278.213 frá 02.12.2022 til 02.01.2023, af kr. 370.951 frá 02.01.2023 til 06.02.2023, af kr. 753.910 frá 06.02.2023 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður:

Stefnandi er fjártækniyrirtæki sem sérhæfir sig í rafrænum lánasamningum fyrir neytendur. Ofangreind dómkrafa er tilkomin vegna fimm raðgreiðslusamninga sem aðilar gerðu með sér. Í *fyrsta lagi* má nefna raðgreiðslusamning nr. 554110, dags. 10.12.2021, upphaflega að fjárhæð kr. 433.049,-. Stefnda bar að endurgreiða lánið með 12 jöfnum afborgunum á mánaðar fresti, í fyrsta sinn hinn 02.02.2022.

Í *öðru lagi* raðgreiðslusamning nr. 562979, dags. 28.05.2022, upphaflega að fjárhæð kr. 148.294,-. Stefnda bar að endurgreiða lánið með 12 jöfnum afborgunum á mánaðar fresti, í fyrsta sinn hinn 02.07.2022.

Í *þriðja lagi* raðgreiðslusamning nr. 567621, dags. 26.07.2022, upphaflega að fjárhæð kr. 333.862,-. Stefnda bar að endurgreiða lánið með 12 jöfnum afborgunum á mánaðar fresti, í fyrsta sinn hinn 02.09.2022.

Í *fjórdða lagi* raðgreiðslusamning nr. 567623, dags. 26.07.2022, upphaflega að fjárhæð kr. 64.129,-. Stefnda bar að endurgreiða lánið með 12 jöfnum afborgunum á mánaðar fresti, í fyrsta sinn hinn 02.09.2022.

Í *fimmta lagi* raðgreiðslusamning nr. 569423, dags. 08.09.2022, upphaflega að fjárhæð kr. 133.515,-. Stefnda bar að endurgreiða lánið með 12 jöfnum afborgunum á mánaðar fresti, í fyrsta sinn hinn 02.10.2022.

Við upphaf fyrstu lánsamningana greiddi stefndi afborganir í samræmi við greiðsluáætlanir en í október árið 2022 fóru allir raðgreiðslusamningar stefnda í vanskil. Við gjaldfellingu lánanna þann 06.01.2023 nam krafa stefnanda kr. 753.910, sem sundurliðast með eftirfarandi hætti:

<u>Raðgreiðslusamningur nr.</u>	<u>554110</u>	<u>562979</u>	<u>567621</u>	<u>567623</u>	<u>569423</u>	
<u>samtals</u>						
Afborgun dags. 02.10.2022	kr. 36.088	kr. 12.358	kr. 27.822	kr. 5.344	kr. 11.126	kr. 92.738
Afborgun dags. 02.11.2022	kr. 36.087	kr. 12.358	kr. 27.821	kr. 5.344	kr. 11.127	kr. 92.737
Afborgun dags. 02.12.2022	kr. 36.088	kr. 12.358	kr. 27.822	kr. 5.344	kr. 11.126	kr. 92.738
Afborgun dags. 02.01.2023	kr. 36.087	kr. 12.358	kr. 27.822	kr. 5.345	kr. 11.126	kr. 92.738
<u>Eftirstöðvar 06.01.2023</u>	<u>kr. 0</u>	<u>kr. 61.788</u>	<u>kr. 194.753</u>	<u>kr. 37.408</u>	<u>kr. 89.010</u>	<u>kr. 382.959</u>
Samtals:	kr. 144.350	kr. 111.220	kr. 306.040	kr. 58.785	kr. 133.515	kr. 753.910

Dráttarvaxta er krafist af hverri gjaldfallinni afborgun af skuldinni frá þeim degi sem hún féll í gjalddaga og krafist er dráttarvaxta af gjaldfelldum eftirstöðvum lánsamningsins þegar liðinn var mánuður frá gjaldfellingu sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Af þeim sökum er stefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi skráður til heimilis í útlöndum, en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttarins, meðal annars um skuldbindingargildi samninga og réttar efndir fjárskuldbindinga sem fær stoð í 45., 47. og 54. gr. laga nr. 50/2000 og lögum nr. 42/2000.

Þá er einnig vísað til laga um neytendalán nr. 33/2013.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti styður stefnandi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum.

Krafa um að tekið verði tillit til áfallins innheimtukostnaðar styðst við ákvæði 7. og 12. gr. laga nr. 95/2008.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laganna og birtingu stefnu vísast til a. liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin dómskjöl nr. 1-6, til sönnunar kröfum sínum:

Stefna ásamt birtingarvottorði, skrá, raðgreiðslusamningar, innheimtuviðvaranir, tilkynningar um gjaldfellingu og tilkynning um breytingu á nafni stefnanda.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á Bartosz J. Garal, kt. 120282-3609, Útlönd, að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 27. febrúar 2025, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn.

Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur stefndi átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Reykjavík, 16. desember 2024.

F. h. stefnanda, **Davíð Blöndal Þorgeirsson** lögmaður.

(2025001318

Útgáfud.: 16. janúar 2025

Stefna - til ógildingar á tryggingabréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur,
Björn L. Bergsson,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Stefán Geir Þórisson lögmaður, Forum lögmönnum, Ármúla 13, Reykjavík, skiptastjóri þb. HS 12 ehf., kt. 650405-2180, hann þurfi f.h. þrotabúsins, að fengnu leyfi lögum samkvæmt, að höfða ógildingarmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á tryggingabréfi.

1. Málflutningsumboð: Stefán Geir Þórisson hrl., Forum lögmönnum, Ármúla 15, 108 Reykjavík, fer með mál þetta fyrir stefnanda.

2. Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera eftirfarandi dómkröfur:

Að ógilt verði með dómi tryggingabréf að fjárhæð kr. 1.000.000, útgefið þann 6. júní 2018 af Ellerti Aðalsteinssyni, kt. 250670-4009 og Þórdísi Björk Sigurbjörnsdóttur, kt. 230769-4009, með 2. veðrétti og uppfærslurétti í bifreiðinni Land Rover Range Rover, fastanr. MZ-F51.

3. Málavextir, málsástæður, lagarök og önnur atvik: Stefnandi kveður málsatvik vera þau að tryggingabréfið að fjárhæð kr. 1.000.000, hafi verið útgefið þann 6. júní 2018 af Ellerti Aðalsteinssyni, kt. 250670-4009 og Þórdísi Björk Sigurbjörnsdóttur, kt. 230769-4009, hafi glatast og ekki fundist þrátt fyrir mikla eftirgrennslan. Tilurð tryggingabréfsins er sú að það var útgefið af Ellerti Aðalsteinssyni og Þórdísi Björk til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuld Ellerts Aðalsteinssonar skv. samkomulagi milli stefnanda (þrotabús HS 12 ehf., kt. 650405-2180) og Ellerts Aðalsteinssonar, dags. 15. apríl 2021. Með tryggingabréfinu veðsetti Ellert Aðalsteinsson þb. HS 12 ehf. til tryggingar samkomulaginu bifreiðina Land Rover Range Rover, fastnar. MZ-F51 fyrir höfuðstólsfjárhæð allt að fjárhæð kr. 1.000.000.

Þar sem framangreind skuld hefur verið greidd og frumrit bréfsins er glatað er stefnanda nauðsynlegt að fá tryggingabréfið ógilt með dómi svo að unnt sé að aflýsa veðsetningu í bifreiðinni MZ-F51.

4. Tilvísun til lagaákvæða: Stefnandi kveðst vísa til XVIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 120. og 121. gr. laganna.

5. Sönnunargögn: Við þingfestingu kveðst stefnandi leggja fram frumrit ógildingarstefnu, ljósrit tryggingabréfsins og samkomulags.

6. *Áskorun og fyrirkall:* Vegna þessa stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum og telja til réttar yfir því til að mæta í dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, þriðjudaginn 18. febrúar 2025, kl. 10 árdegis, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sanna rétt sinn til bréfsins þar sem ella má búast við að útvistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 14. janúar 2025.

F. h. dómstjóra,

Þórhildur kristjánsdóttir aðstoðarmaður dómara.

(2025001325

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi: Páll Kristinsson, kt. 271072-3849, óþekkt heimilisfang.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 553.540, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 191.931 frá 02.02.2023 til 02.03.2023, af kr. 294.930 frá 02.03.2023 til 03.04.2023, af kr. 553.540 frá 03.04.2023 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun þann 27.01.2023 að upphæð kr. 45.000. Kröfunúmer 00331-230082.

Þess er einnig krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda bankakostnað að fjárhæð 19.990 kr.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málsatvik og málsástæður:

Krafa stefnanda er byggð á reikningsyfirlitum v/VISA greiðslukorts:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1	27.01.2023	02.02.2023	191.931
2	27.02.2023	02.03.2023	102.999
3	27.03.2023	03.04.2023	258.610

Skuld stefnda er til komin vegna úttekta stefnda með VISA greiðslukorti sem endar á nr. **-0497, sbr. dskj. nr. 3. Samkvæmt skilmálum kortsins bar stefnda að greiða úttektir hvers tímabils til stefnanda í síðasta lagi annan dag næsta mánaðar eftir lok viðkomandi tímabils. Skuldin hefur hins vegar ekki verið greidd af hálfu stefnda. Stefnda hefur verið tilkynnt um vanskilin, sbr. dskj. nr. 5 og 6.

Inn á skuldina hafa verið greiddar neðangreindar innborganir og verður tekið tillit til þeirra við uppgjör kröfunnar:

27.01.2023 kr. 45.000.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Krafa um greiðslu bankakostnaðar er vegna ógreiddra gjalda sem fallið hafa á kröfuna fram að löginheimtu, vegna innheimtu skuldarinnar. Stefndi er skuldbundinn til að greiða kostnaðinn samkvæmt 11. gr. kreditkortaskilmála stefnanda, sbr. dskj. nr. 7 og eru einstaka liðir viðkomandi gjalda tilteknir í viðeigandi liðum í verðskrá stefnanda, sbr. dskj. nr. 8. Nánari útlistun á frum- og milliinnheimtuferli stefnanda er á dskj. nr. 9. Sundurliðun bankakostnaðar er sem hér segir:

Dagsetning

Tegund

Fjárhæð (kr.)

27.01.2023	Útskriftargjald	130
07.02.2023	Innheimtuviðvörun	950
17.02.2023	Milliinnheimtubríf	5.900
27.02.2023	Milliinnheimtubríf	5.900
27.02.2023	Útskriftargjald	130
09.03.2023	Innheimtuviðvörun	950
20.03.2023	Milliinnheimtubríf	5.900
27.03.2023	Útskriftargjald	130
	Samtals kr.	19.990

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi óstaðsettur í hús í Reykjavík, en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir:

Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en krafan tilheyrir útibúi stefnanda í Reykjavík.

Skjöl og sönnunargögn:

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningsyfirlit v/VISA-úttekta.
4. Reikningasaga.
5. Innheimtuviðvörun.
6. Innheimtubríf.
7. Kreditkortaskilmálar stefnanda.
8. Verðskrá stefnanda.
9. Lýsing á frum- og milliinnheimtuferli.
10. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörun:

Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 27. febrúar 2025, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 6. janúar 2025.

F. h. stefnanda,

Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður

(2025001340

Útgáfud.: 14. janúar 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra er Stefán Jóhann Óskarsson, kt. 260344-5799, Langanesvegi 22, Langanesbyggð sviptur fjárræði í 5 ár frá 10. janúar 2025.

Akureyri, 13. janúar 2025.

Ingvar Þóroddsson.

(2025001278

Útgáfud.: 15. janúar 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 14. janúar 2025 síðastliðinn í máli nr. L-2967/2024, var Einar Bjarni Ómarsson, kt. 211190-3889, sviptur fjárræði tímabundið í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjaness, 14. janúar 2025.
Erna Björt Árnadóttir aðstoðarmaður dómara.

(2025001301

Útgáfud.: 15. janúar 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 14. janúar 2025 síðastliðinn í máli nr. L-76/2025, var Hallgrímur Pétursson, kt. 290177-5969, sviptur fjárræði. tímabundið í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjaness, 14. janúar 2025.
Erna Björt Árnadóttir aðstoðarmaður dómara.

(2025001307

Útgáfud.: 17. janúar 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 16. janúar 2025, í máli nr. L-7580/2024, var Óskar Guðmundsson, kt. 170981-5459, sviptur fjárræði tímabundið í fimm ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 16. janúar 2025.
Þorsteinn Magnússon héraðsdómari.

(2025001359

Útgáfud.: 14. janúar 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Reykjavík Bike Tours ehf.**

Kt.: 430125-1680.

Heimili og varnarþing: **Hringbraut 105, 101 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 16. desember 2024.

Stofnendur: Stefan Guide in Iceland ehf., kt. 440310-0790, Hringbraut 105, 101 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 16. desember 2024.

Formaður stjórnar: Stefán Helgi Valsson, kt. 260368-5599, Grundarstíg 6, 101 Reykjavík. Meðstjórnandi: Sigríður Norma Mac Cleave, kt. 040946-4119, Grundarstíg 6, 101 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Tomasz Karol Slowinski, kt. 021189-5029, Hringbraut 105, Reykjavík.

Prókúruumboð: Iga Emilia Florianczyk, kt. 191088-5309, Hringbraut 105, 101 Reykjavík, Tomasz Karol Slowinski.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sigurður Sigurbjörnsson, kt. 141076-3539, Seiðakvísl 23, 110 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 4.000.000 ISK

Tilgangur: Ferðaþjónusta, m.a. gönguferðir, reiðhjóla- og Segway ferðir með leiðsögn.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025001251

Útgáfud.: 14. janúar 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Skjöldur fasteignafélag ehf.**

Kt.: 701224-2480.

Heimili og varnarþing: **Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 27. desember 2024.

Stofnendur: Sveinn Guðmundsson, kt. 040858-4669, Brautarlandi 14, 108 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 27. desember 2024.

Stjórnarmaður: Sveinn Guðmundsson. Varastjórn: Aðalheiður Valdimarsdóttir, kt. 271261-7219, Brautarlandi 14, 108 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Sveinn Guðmundsson.

Prókúruumboð: Sveinn Guðmundsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Davíð Einarsson, kt. 160757-3889, Bæjargili 117, 210 Garðabær.

Hlutfé kr.: 5.000.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er að halda utan eignarhlut eigenda í fasteignum og fasteignafélögum, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025001252

Útgáfud.: 14. janúar 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **BIA-vík ehf.**

Kt.: 701224-1320.

Heimili og varnarþing: **Stóragarði 23, 108 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 23. desember 2024.

Stofnendur: Bergur Ingi Arnarson, kt. 081271-4109, Stóragarði 23, 108 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 23. desember 2024.

Stjórnarmaður: Bergur Ingi Arnarson. Varastjórn: Sigrún Björnsdóttir, kt. 100669-4989, Stóragarði 23, 108 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Bergur Ingi Arnarson.

Prókúruumboð: Bergur Ingi Arnarson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sigurður Straumfjörð Pálsson, kt. 270884-3189, Sölkugötu 8, 270 Mosfellsbær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er starfsemi eignarhaldsfélaga og ráðgjöf. Einnig rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025001254

Lögbirtingablað,
5. tölublað 2025.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,
Kristín Þórðardóttir.